

**SKÓLASTEFNA
MOSFELLSBÆJAR**

**Samþykkt í bæjarstjórn
5. maí 2010**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Inngangur	4
Skólastarf.....	5
Menntun og þroski.....	5
Mannauður	7
Börn og ungmenni.....	7
Starfsfólk	9
Foreldrar og heimili.....	9
Umgjörð og stuðningur	11
Ytri umgjörð	11
Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	12
Lýðheilsa.....	13
Samfélagið.....	14
Þekkingarsamfélag og framhaldsskóli.....	14
Grenndarsamfélag og atvinnulíf	15
Umhverfi	16
Lokaorð	17



Formáli

Vinna við gerð Skólastefnu Mosfellsbæjar hófst árið 2000 og var hún samþykkt í upphafi ársins 2002 undir heitinu Heildstæð skólastefna. Í henni komu fram markmið og leiðir sveitarfélagsins fyrir þær stofnanir og aðila sem saman mynda skólasamfélag Mosfellsbæjar.

Á árinu 2008 fór fram mótun stefnu Mosfellsbæjar og þar kemur fram framtíðarsýn Mosfellsbæjar:

Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

Í kjölfar stefnumótunarinnar var hafist handa við gerð eða endurskoðun á stefnu málaflokka. Í janúar 2009 samþykkti fræðslunefnd Mosfellsbæjar að fara í endurskoðun á skólastefnunni. Af því tilefni var skólaþing Mosfellsbæjar haldið í maí það sama ár þar sem nemendum, kennurum, foreldrum og öðrum bæjarbúum gafst kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri. Mikil áhersla var lögð á að raddir barna fengju að njóta sín og var börnum frá leikskólaaldri til framhaldsskólaaldurs boðið á skólaþingið. Þeim voru fengin verkefni að fást við og þannig leitað nýrra leiða til að laða fram skoðanir þeirra á því hvað væri góður skóli.

Haustið 2009 samþykkti fræðslunefnd tillögu um að skipaður yrði vinnuhópur um ritstjórn stefnunnar. Í hópnum sátu Gunnhildur María Sæmundsdóttir, Magnea Steinunn Ingimundardóttir og Ragnheiður Jóhannsdóttir, starfsmenn Skólaskrifstofu, Sesselja Gunnarsdóttir, kennari Lágafellsskóla, Herdís Rós Kjartansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Reykjakots og Helga Dís Sigurðardóttir, matsfræðingur. Framkvæmdastjóri fræðsluviðs, Björn Þráinn Þórðarson, kom einnig að störfum hópsins við upphaf og lok verksins.

Hópurinn vann úr niðurstöðum þingsins og þeim gögnum sem börnin í Mosfellsbæ höfðu komið á framfæri. Sérstök áhersla var lögð á að raddir bæjarbúa og þá sérstaklega raddir barna kæmu fram en gildandi stefna var einnig höfð til hlíðsjónar.

Skólastefna Mosfellsbæjar sem hér liggur fyrir tekur einnig mið af gildum bæjarins:

virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja



Inngangur

Kjarni Skólustefnu Mosfellsbæjar er að setja einstaklinginn í öndvegi. Skólustarf á að taka mið af þörfum hans, félagslegum aðstæðum og umhverfi. Þannig er litið á hvern og einn bæði sem félagsveru og einstakling með sérstakar og einstakar þarfir. Áhersla er lögð á að sérhver einstaklingur hafi rétt til að lifa og dafna í samfélagi, sem byggir á lýðræði, jafnræði og jafnrétti.

Hlutverk sveitarfélagsins er að gera uppvaxtarskilyrði barna og ungmenna þannig úr garði að þau fái tækifæri til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og fái sem best nýtt styrkleika sína. Með því að hlúa að styrkleikum einstaklinganna eflast þeir og verða betur í stakk búnir til að takast á við líf í síbreytilegu samfélagi. Skóli og önnur uppeldisstarfsemi þarf að taka mið af vaxandi fjölmenningslegum áhrifum með því að fagna fjölbreytni mannlífsins og leggja áherslu á virðingu fyrir einstaklingnum. Skólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, uppruna, menningu, kyni eða trú.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafna stöðu kynjanna. Í því felst áhersla á hlutverk menntunar í sköpun jafnra tækifæra beggja kynja og að afnema skuli staðalímyndir um hlutverk kvenna og karla á öllum sviðum menntunar.

Nám sem byggir á samfelli í uppeldi og menntun er forsenda þess að þekking og hæfileikar einstaklinganna fái notið sín. Heimili, skólar, uppeldisstofnanir og samfélagið allt eru samherjar með ólík hlutverk en það sameiginlega markmið að hlúa að og byggja upp *framsækna* og *jákvæða* einstaklinga sem sýna sér, öðrum og umhverfinu *umhyggju* og *virðingu*. Gott samstarf og samábyrgð er lykillinn að góðu skólasamfélagi í Mosfellsbæ.

Skólustefna Mosfellsbæjar er leiðarvísir að skipulagi og faglegu uppeldisstarfi í Mosfellsbæ og þar er að finna meginmarkmið sveitarfélagsins varðandi skólustarf. Hverri stofnun er ætlað að gera grein fyrir þeim leiðum sem farnar eru að markmiðunum í skólanámskrá og jafnframt taka mið af sérstöðu og faglegum áherslum sem sérhver stofnun byggir á.



Skólastarf

Mosfellsbær leggur áherslu á að vel sé að börnum bæjarins búið, bæði andlega og líkamlega, svo þau fái notið bernsku sinnar. Umhverfi barna taki mið af þroska hvers og eins, jafnframt sé tekið tillit til bakgrunns og einstaklingsparfa og hugmynda um skóla fyrir alla. Skólastarf á að vera sveigjanlegt og laða fram hæfileika allra nemenda með markvissum hætti því öll börn eru einstök og sérstök. Mikilvægt er að skólasamfélagið¹ styðji við metnaðarfullt skólastarf, fjölbreytilegar uppeldis- og kennsluaðferðir og að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi í daglegu starfi og fléttuð inn í starfsáætlanir menntastofnana.

Skólum² ber að móta skólanámskrár í anda heildstæðrar³ skólastefnu og veita markvissa kynningu og fræðslu um námskrár sínar og aðalnámskrár. Í því felst meðal annars að brúa bilið milli skólastiga og stuðla að samvinnu skólastiga um samfellu í námi. Með heildstæðri skólastefnu skapar sveitarfélagið leiðir til að koma til móts við daglegt líf barna þannig að skóli, lista- og tómstundastarf myndi heildstæðan skóladag fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þá skal listnám, verknám, hreyfing og útvíst í skólum sveitarfélagsins vera í hávegum haft og styðja við sköpunarkraft einstaklinganna og bóknám sniðið að þekkingarþörf barna, reynsluheimi þeirra og daglegu lífi.

Menntun og þroski

Skólastefna Mosfellsbæjar byggir á íslenskri menntastefnu eins og hún kemur fram í lögum og reglugerðum. Skólar Mosfellsbæjar eru lærdómssamfélag þar sem skapaður er grundvöllur fyrir umræður, skoðanaskipti og þátttöku allra hlutaðeigandi aðila. Leggja ber áherslu á grunnfærni allra einstaklinga: samskiptahæfni og læsi í víðum skilningi, getu til þekkingarleitar, lausnamiðuð hugsun, sjálfstæði í verkum, verkvit og færni í vinnubrögðum, hreyfingu og sköpunargleði. Leitast skal við að innihald náms og verkefna í skóla hafi merkingu fyrir einstaklinginn og taki mið af reynsluheimi hans. Skólastarfsemi ber að skipuleggja á þann hátt að hún sé sveigjanleg, efli virkni einstaklingsins, leggi rækt við siðferðisvitund og skapi þekkingu til gagns fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mikilvægt er að í skólasamfélaginu fái raddir allra að hljóma.

Skólanámskrár skólanna eru framkvæmdaáætlanir fyrir markmið og leiðarljós Skólastefnunnar. Með góðu samstarfi milli uppeldisstofnana⁴ og vel ígrunduðum

1 Heimili og uppeldisstofnanir eru umgjörð þess sem við köllum skólasamfélag

2 Þegar fjallað er um skóla þá er átt við leik- og grunnskóla og Listaskóla Mosfellsbæjar

3 Með heildstæðri skólastefnu er átt við að samfellu milli skólastiga og samfellu í skóladegi

4 Leik- og grunnskólar, Listaskóli, íþrótt- og tómstundafélag, félagsmiðstöð, heilsugæslu og aðrar þær stofnanir sem koma að uppeldisstarfi með einum eða öðrum hætti eru í skólastefnunni nefndar uppeldisstofnanir.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

leiðum og skipulagi er hægt að tryggja lifandi og árangursríkt skólastarf. Þannig fær hver einstaklingur tækifæri til að ná þeim árangri sem þroski hans býður upp á hverju sinni.

Í daglegu starfi barna í Mosfellsbæ felast fjölbreytileg viðfangsefni sem öll eiga þátt í að mennta, móta og þroska einstaklinginn. Mosfellsbær setur sér það markmið að samhæfa krafta þessara stofnana og félagasamtaka til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Samfelldur skóladagur nýtist börnunum best og skapar fjölskyldum tækifæri til góðra uppvaxtarskilyrða.

Börn eiga að fá að njóta sín í leik. Kennsla og uppeldisstarf skal taka mið af því, auk þess sem listsköpun, tjáning og rökræðulist verði fléttuð inn í starfið. Ábyrgð einstaklingsins á námi og lífi verði smám saman aukin í samræmi við aldur og þroska.

Leiðarljós

Skólanámskrár skólanna skulu taka mið af Skólafestnu Mosfellsbæjar.

Markmið

- Þekking, leikni og færni í samræmi við íslenska menntastefnu
- Menntun standist alþjóðlegan samanburð.
- Fjölbreyttir kennsluhættir og skilvirkar aðferðir sem taka mið af aðstæðum.
- Efla félagsþroska og samskiptahæfni einstaklinganna
- Stuðla að því að gagnkvæm virðing sé ríkjandi í skólasamfélaginu.



„Við viljum meiri hreyfingu, útikennslu, útiverkefni, fá að kenna öðrum, og vinna saman“
(vinnuhópur barna á Skólapingi 16. maí 2009)



Mannauður

Mannauður skólastofnana bæjarins er sá þekkingarauður sem býr í starfsmönnum, börnum og fjölskyldum þeirra, þ.e. menntun, þekking, færni, viðhorf og siðferði. Náms- og starfsumhverfi skal styðja við persónulegan þroska hvers og eins. Með framsækni og metnað að leiðarljósi er áhersla lögð á að frumkvæði og hvers kyns framþróun og nýbreytni blómstri. Skólasamfélagið skapi tækifæri til að rækta þekkingu og færni í jákvæðu starfsumhverfi.

Mannauður uppeldisstofnana Mosfellsbæjar er fjölbreyttur, þar eru einstaklingar með margvíslegan bakgrunn sem saman mynda heild. Framlag og þátttaka allra skiptir máli og er grunnur að öfluglu skólasamfélagi.

Staðblær⁵ skólasamfélagsins er á ábyrgð hinna fullorðnu og skal mótast af viðhorfum og viðmóti sem stuðlar að vináttu, vinsemd og virðingu. Það skal meðvitað og ljóst að félagsleg hegðun bæði barna og fullorðinna sé eitt af viðfangsefnum skóla sem hefur að markmiði að rækta jákvæðar hliðar mannlegra samskipta. Með þeim hætti má koma í veg fyrir að birtingarform óþroskaðra og oft ómeðvitaðra félagslegra samskipta á borð við einelti náí að festa rætur í skólasamfélaginu.



*„...setja barnið, virkni þess og sköpunarkraft í öndvegi“
(foreldri á Skólalþingi 16. maí 2009)*

Börn og ungmenni

Nemendur eru kraftmikill hópur með fjölbreytilega reynslu og styrkleika sem býr yfir mikilli sköpunar- og lífsgleði. Mosfellsbær leggur mikla áherslu á að jafnræðis sé gætt og jafnréttissjónarmið séu í hávegum höfð. Börnum og ungmennum skal gefið tækifæri á að koma viðhorfum sínum og sjónarmiðum á framfæri þegar verið er að fjalla um málefni sem tengjast þeim, réttindum þeirra og skyldum. Sjónarmið

⁵ Staðblær er sameiginleg sýn, samhljómur og samheldni. Þegar talað er um staðblær er átt við hegðun í hópi fólks og þá hegðun sem einkennir hópinn í heild sinni. Staðblær heldur stofnuninni saman.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Lýðræðis skulu höfð að leiðarljósi við stefnumótun og ákvarðanatökur sem hafa afgerandi áhrif á skólastarf.

Eitt af hlutverkum skólasamfélagsins er að virkja sköpunarkraft hvers og eins og gefa einstaklingnum frelsi til að leggja sitt af mörkum Nemendur verði hvattir til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum og félagsstarfi óháð kyni. Þannig verði fordómum og staðalmyndum rutt úr vegi og nemendum gefinn kostur á valmöguleikum með tilliti til hæfileika og áhugasviðs í stað hefðbundinna hugmynda um kynbundið val.

Leiðarljós

Gildi Mosfellsbæjar eru leiðarljós í daglegu starfi, setja svip sinn á skólasamfélagið og stuðla að virkni og vellíðan barna.

Markmið

- Skólasamfélagið leitist við að kalla fram það besta í hverjum einstaklingi.
- Börn og ungmenni fái að hafa áhrif á og bera ábyrgð á námi sínu og skólagöngu í samræmi við þroska og aðstæður hverju sinni.
- Kraftur hins fjölbreytilega nemendahóps virkjaður, samfélaginu til góðs.
- Öflugt nemendasamfélag þar sem jafnrétti, frumkvæði, framsækni, jákvæðni, virðing og umhyggja eru höfð að leiðarljósi.



“Leiki, stjörnufræði, ráða hvaða tungumál maður lærir, meira sund, fleiri ferðir, meiri náttúrufræði og samfélagsfræði, fjölbreyttara mat”. (vinnuhópur barna á Skólalþingi 16. maí 2009)



Starfsfólk

Starfsemi skóla Mosfellsbæjar byggir á kenningum og þekkingu á uppeldi, námi og skólastarfi. Þessi þekking þarf sífellt að þróast með stöðugum athugunum og rannsóknum með það að markmiði að þróa fjölbreytta kennsluhætti svo hægt sé að koma til móts við ólíka einstaklinga með fjölbreytilegar þarfir og getu. Virkni og metnaður starfsmanna í hinu síbreytilega skólasamfélagi endurspeglast í þátttökustjórnun, upplýsingaflæði, endurmenntun, skólaþróun og áherslu á öflugt sjálfsmat og fjölbreytilegum og markvissum skólarannsóknum.

Leiðarljós

- Gildi Mosfellsbæjar eru leiðarljós í daglegu starfi, móta skólasamfélagið og leiða til þess að starfsfólk sé ánæggt, líði vel í daglegu starfi og sé virkt í mótun starfsumhverfis síns.

Markmið

- Starfsfólk fái tækifæri til þróunar í starfi
- Styðja við framsækni og sjálfstæði í starfi
- Virk þátttaka allra í sjálfsmati skóla⁶
- Öflug endur- og símenntun
- Stutt við faglegt starf og það gert sýnilegt

Foreldrar og heimili

Heimili og uppeldisstofnanir leggja til umgjörð þess sem við köllum skólasamfélag. Samráð og samstarf er lykillinn að góðu og árangursríku uppeldi barna. Foreldrar⁷ og starfsfólk skóla bera því sameiginlega ábyrgð á náms- og þroskaframvindu barnanna. Mikilvægt er að virkja þekkingu foreldranna í skólastarfi, meðal annars með því að foreldrar segi frá atvinnu sinni, félagsstörfum, bakgrunni eða áhugamálum í skólanum.

Leiðarljós

- Samstarf heimilis og skóla markast af gildum Mosfellsbæjar og leggur grunn að jákvæðum skólabrag.

Markmið

- Skólar, foreldra- og skólaráð skilgreina í sameiningu hlutverk og verkefni foreldra í skólamálum og stuðla að því að þátttaka þeirra í skólastarfi verði litin jákvæðum augum.
- Jákvætt námsumhverfi bæði heima fyrir og í skólunum

⁶ Sjálfsmat er ferli sem snýst um að skólar afli upplýsinga um starfsemi sína, leggi mat á hana og íhugi í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks.

⁷ Þegar fjallað er um foreldra er átt við foreldra og forráðamenn barna og aðra þá er koma að uppeldi barna heima fyrir.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

- Boðleiðir á milli heimila og skóla séu gagnkvæmar og skilvirkar
- Skólar efla frumkvæði og samstarf heimila og skóla
- Góð samskipti heimila og skóla
 - Foreldrar séu ávallt velkomnir í skóla bæjarins
 - Foreldrar séu hvattir til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu
 - Foreldrar af erlendum uppruna fái viðeigandi stuðning og leiðsögn.
- Báðir foreldrar hafi jafnan rétt til upplýsinga frá skólum barna sinna, eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um.



Opna skólann enn meir fyrir foreldrum. Foreldrar séu velkomnir í skólana. Gera ráð fyrir þátttöku þeirra í ákveðnum tímum. Tengja foreldra meira saman – mikilvægt í ört stækkandi Mosfellsbæ – að foreldrar séu virkjaðir í samfélaginu, gegnum skólann. (Úr umræðuhóp á Skólapingi 16/5 '09)



Umgjörð og stuðningur

Forsendur fyrir þróun skólamála er einhugur innan skólasamfélagsins og bæjarfélagsins um mikilvægi náms og leiks fyrir yngstu bæjarbúana. Þar er lykill að heilbrigðum uppvaxtarskilyrðum í Mosfellsbæ. Uppbygging skólustarfs tekur mið af þróun samfélagsins og skólamála, vexti og uppbyggingu grenndarsamfélagsins og nánasta umhverfi hinna ungu bæjarbúa.

Ytri umgjörð

Hlutverk Mosfellsbæjar er að styðja skólana við að þróa sameiginleg mælitæki og viðmið um gott skólustarf, þar sem áhersla er á náms- og þroskamöguleika hvers barns, þroskavænlegt umhverfi til náms og leiks, þar sem barnið er í brennidepli.

Lögum samkvæmt ber sveitarfélaginu að hafa eftirlit með framkvæmd skólustarfs og styðja við innra mat skólanna. Matskerfi skólanna skulu vera formleg, sýnileg og öflug, endurspeglar árangur, upplifanir allra hagsmunaaðila og stuðla að stöðugri starfsþróun.

Leiðarljós

- Skólar njóti sjálfstæðis við útfærslu á leiðum að markmiðum Skólastefnu Mosfellsbæjar

Markmið

- Heildstætt forvarnarstarf og fræðsla í samvinnu við grenndarsamfélagið og flétta forvarnarstarf inn í allt skólustarf
- Stuðningur við starfsfólk til að takast á við þau viðfangsefni sem upp koma í daglegu starfi
- Aðbúnaður og aðstaða styðji við framsækið skólustarf
- Markvisst mat á skólustarfi með sífellda þróun starfshátta, þekkingar og fagmennsku að augnamiði



Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf

Sérfræðiþjónusta Mosfellsbæjar mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni barna hverju sinni, samhæfingu úrræða og samstarfi allra hlutaðeigandi aðila. Markmið sérfræðiþjónustu er að tryggja að barnið sé ávallt í öndvegi og að úrvinnsla mála styðji við alhliða þroska þess. Íhlutun ber að efla félagslega- og sálræna getu barna með áherslu á að einstaklingurinn fái þroskaverkefni, kennslu og stuðning við hæfi.

Leiðarljós

- Sérfræðiþjónusta á samstarf við foreldra, skóla og uppeldisstofnanir um aukin lífsgæði einstaklinga í skólasamfélaginu og styður þannig við þroska barna- og ungmennta í dagsins önn til gagns fyrir lífið allt.

Markmið

- Stefna skal að snemmtækri íhlutun og greiningu á vanda barna, í þeim tilfellum þegar þroski einstaklingsins fylgir ekki kröfum umhverfisins til samskipta, virkni og daglegra starfa.
- Þjónusta við börn með sérþarfir sé í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.
- Skilvirkar greiningar og fjölbreytt ráðgjöf og stuðningur við nemendur, foreldra og starfsfólk
- Veita börnum sérfræðiþjónustu og stuðning eftir þörfum.
- Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál fái viðeigandi kennslu og þjónustu.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Lýðheilsa

Samfélagið allt ber ábyrgð á að hlúa að líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu barna og ungmenna. Skólastefna Mosfellsbæjar leggur áherslu á að efla heilbrigði allra. Þegar teknar eru ákvarðanir sem snúa að börnum, starfsfólki og heimilum ber að hafa lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi. Sérstök áhersla er á þátt hollrar næringar, hreyfingar og útivistar í eflingu lýðheilsu.

Skapa skal svigrúm og farveg innan skóla og stofnana til að auka vitneskju og vitund um líðan, félags- og samskiptabroska. Jafnframt er mikilvægt að víðtækt forvarnarstarf fari fram jafnt í skólum, á uppeldisstofnunum, á heimilum og í grenndarsamfélaginu. Með forvarnarstarfi er átt við hvers konar fræðslu og ráðgjöf sem stuðlar að andlegu, félagslegu og líkamlegu heilbrigði.

Leiðarljós

- Skipulagning skóla- og uppeldisstarfs taki mið af góðri lýðheilsu barna og ungmenna

Markmið

- Hvetja til hollrar hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls
- Áhersla á vellíðan, jákvæða sjálfmynd allra og að fyrirbyggja einelti
- Fræðsla um jafnrétti, geðheilbrigði, kynheilbrigði og varnir gegn ávönum og fíkn
- Vitundarvakning um lýðheilsu og áframhaldandi vinnu í samræmi við markmið lýðheilsuverkefnisins „*Allt hefur áhrif*“
- Samvinna við íþrótt- og tólmstundafélög um heildstæðan skóladag



„Skólarnir lifandi í samfélaginu“
(Íbúi á Skólapingi 16. maí 2009)



Samfélagið

Hlutverk skóla, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Skóli er hluti af samfélagi, rétt eins og einstaklingur er hluti af heild. Mikilvægt er að skóli tengi sig við atvinnulíf og þekkingarsamfélag samtímans og byggi starfsemi sína á gagnreyndri⁸ þekkingu á eigin samfélagi og þýðingu félagslegra breytinga fyrir skólastarf. Jafnframt er grundvallaratriði að grenndarsamfélagið axli ábyrgð á velferð einstaklinganna sem það elur af sér og að þeir læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru.

Þekkingarsamfélag og framhaldsskóli

Börnin okkar alast upp í samfélagi sem hefur engin landamæri hvað varðar samskipti og að sækja og miðla þekkingu. Vegna landfræðilegrar legu Íslands og fámennis er mikilvægt fyrir skólasamfélagið að tengjast öðrum þekkingarsamfélögum og vera í samstarfi við þau. Samvinna og tengsl skóla og sveitarfélags við framhaldsskóla er hluti af því að styrkja skólastarf sem styður við framtíð nemenda.

Leiðarljós

Þekking á sér ekki landamæri og nám er lífslangt ferli. Skipulag skólastarfs tekur mið af því.

Markmið

- Skólarnir stuðli að þróunar- og tilraunaverkefnum og efli samstarf við aðila innanlands sem utan
- Stuðlað verði að samstarfi og samvinnu við FMOS um skil milli skólastiga
- Tenging skóla við framhaldsskóla, atvinnulíf, íþrótt- og tómstundafélög, félagasamtök, stofnanir og menningu í bæjarfélaginu jafnt sem utan þess
- Fjölbreytt framboð verknáms og tenging við atvinnulíf samtímans
- Starf skólanna gert sýnilegt í samfélaginu



“Leggja áherslu á að í skólastarfinu sé byggt á þeirri hugmynd að við séum öll þátttakendur í mótun samfélagsins okkar. Tengja skólastarf við atvinnulíf og annað félagslíf”. (Íbúi á Skólalþingi 16. maí 2009)

Mynd tekin við opnun nýuppgerðs garðs Reykjakots

⁸ Þekking byggð á rannsókn eða sönnunum (evidence based).



Grenndarsamfélag og atvinnulíf

Grenndarsamfélag er nánasta umhverfi einstaklingsins, þar sem flestar athafnir daglegs lífs fara fram. Bæjarbúar, atvinnulíf, menningarstofnanir, íþrótt- og tómstundafélög, félagasamtök og náttúran mynda bæinn okkar sem skólinn og heimilin eru hluti af.

Eins og áður hefur verið fjallað um skiptir samstarf uppeldisstofnana við heimilin sköpum. Grenndarsamfélagið allt hefur áhrif á mótun og þroska hvers einstaklings og þarf því að vera meðvitað um ábyrgðarhlutverk sitt og skyldur sem meðal annars felst í því að gefa nemendum fordæmi til eftirbreytni, vera þeim fyrirmyndir, standa saman um að gæta að velferð þeirra meðal annars með foreldrarölti. Metnaðarfullt grenndarsamfélag lætur sig varða málefni barna, unglunga og ungmenna.

Mikilvægt er að skólar leggi sig eftir tengslum við atvinnulífið, dyr skólanna standi nærsamfélaginu opnar og séu miðstöð grenndarsamfélags.

Leiðarljós

- Uppeldisstofnanir og grenndarsamfélag hafa það sameiginlega hlutverk að undirbúa hvern einstakling fyrir líf í síbreytilegu lýðræðisþjóðfélagi og stuðla að framsæknu samfélagi.

Markmið

- Veita börnum og ungmennum innsýn inn í hvernig siðferðileg viðmið og gildi bæjarins birtast í daglegu lífi bæjarbúa
- Styrkja foreldra til samábyrgðar utan skólatíma um börn og unglunga og velferð þeirra
- Upplýsa nemendur um sögu bæjarins, landafræði, mannlíf og menningu og gefa nemendum færi á að kynna bæinn sinn
- Stuðla að nýsköpunarverkefnum í samstarfi við atvinnu- og félagslíf bæjarins
- Færa námið út fyrir vegg skólastofunnar og inn í atvinnu- og félagslíf bæjarins
- Stuðla að þátttöku grenndarsamfélagsins við mótun heildstæðs skóladags til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag.



Umhverfi

Mikilvægt er að skólar Mosfellsbæjar leggi rækt við sérstöðu umhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar og sinni umhverfismálum á fjölbreyttan hátt. Í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar um vistvernd í verki og sjálfbæra þróun verði hugmyndafræði Staðardagskrár 21 innleidd í uppeldisstofnunum bæjarins og börn og ungmenni njóti fræðslu um hnattræn umhverfisáhrif, vistfræði, neyslu og sjálfbærni. Starfsfólk leggi áherslu á umhverfismál og taki þátt í verkefnum sem byggja á sjálfbærri þróun, bæði í eigin ranni og í samstarfi við aðra.

Leiðarljós

- Umhverfisfræðsla er samþætt skólastarfi og kennslu á öllum skólastigum, áhersla er lögð á umhyggju og virðingu barna fyrir náttúru og þau hvött til hreyfingar og útivistar.

Markmið

- Aukin ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni og ákvarðanir taki mið af sjálfbærri þróun
- Almenn umhverfisvitund og umhverfisrækt helst í hendur við vistvernd í verki
- Skólar nýti sér þá námsmöguleika sem umhverfið hefur upp á að bjóða innan dyra sem utan
- Hreyfing og útivist séu í öndvegi í skólastarfi





Lokaorð

Skólastefna Mosfellsbæjar er sett fram sem framtíðarsýn að öflugu skólasamfélagi. Skólar Mosfellsbæjar sem skólastefnan tekur til eru leikskólar, grunnskólar og Listaskóli Mosfellsbæjar. Áhersla er lögð á að skólarnir séu sýnilegt menningarafli, taki þátt í verkefnum grenndarsamfélagsins, séu virkir þátttakendur í samfélaginu og móti bæjarbrag Mosfellsbæjar. Þeir eru umgjörð uppvaxtar yngstu bæjarbúanna, skjól og öryggi, veita menntun og efla þroska, sköpun og lífsgæði einstaklinganna, bæði á grundvelli sérstöðu Mosfellsbæjar og í samræmi við lög og reglugerðir.

Skólastefnan er ásamt skólanámskrám og starfsáætlunum stofnana nauðsynleg heimilunum og sveitarfélagi til að fylgjast með markmiðum og framkvæmd skólastarfs. Sveitarfélagið þarf jafnframt að búa skólum þær bjargir sem gera stefnuna framkvæmanlega.

Skólastefnan skal höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og vera stjórnendum uppeldisstofnana Mosfellsbæjar leiðarvísir að uppbyggingu starfseminnar. Skólanámskrár eru þannig framkvæmdaáætlanir Skólastefnunnar og kynnt foreldrum og staðfest í fræðslunefnd og bæjarstjórn í samræmi við lög og reglugerðir.